



Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

# Aðalfundur 2017

föstudagurinn 7. apríl.

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga heldur aðalfund sinn föstudaginn 7. apríl 2017 kl. 17-18. Fundurinn verður haldinn í salnum á 3. hæð í Borgartúni 6, Reykjavík, og einnig verður hægt að vera á símafundi. Félagsfólki er bent á að jafnaði gefst kostur á að sækja fund sem þennan í vinnutímanum að höfðu samráði við næsta yfirmann.

Kosið verður um 4 stjórnarsæti þar á meðal um formann og einnig verður kosið um 1 varamann.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld.
5. Kosning stjórnarmanna sbr. 5.gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins.
8. Önnur mál.

Tillögur að breytingum á lögum SBU.

### **1. Tillaga - 6.gr. Störf stjórnar**

*Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fundi skal halda eins oft og þörf krefur. Einnig skal boða til fundar ef a.m.k. einn stjórnarmaður æskir þess og skal hann haldinn innan viku. Stjórnin fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og er málsvari þess útávið. Félagið styrkir verkefni sem stuðla að framgangi stéttarinnar, eitt verkefni á ári, allt að 200.000 krónum. Stjórn auglýsir eftir styrkbeiðnum og úthlutar styrk. Stjórnin gætir þess að lögum og samþykktum félagsins sé framfylgt og að kjarasamningar þess séu haldnir.*

**Verður:**

### **6.gr. Störf stjórnar**

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fundi skal halda eins oft og þörf krefur. Einnig skal boða til fundar ef a.m.k. einn stjórnarmaður æskir þess og skal hann haldinn innan viku. Stjórnin fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og er málsvari þess útávið. Stjórnin gætir þess að lögum og samþykktum félagsins sé framfylgt og að kjarasamningar þess séu haldnir.

### **6a.gr. Styrkir**

Félagið styrkir verkefni sem stuðla að framgangi stéttarinnar, eitt verkefni á ári, allt að 200.000 krónum. Stjórn auglýsir eftir styrkbeiðnum og úthlutar styrk.

## **2. Tillaga - 8.gr. Fjármál**

*Félagsmenn skulu greiða félagsgjald til félagsins er nemi ákveðnu hlutfalli af föstum launum og innheimtist það mánaðarlega hjá vinnuveitanda.*

*Aðalfundur ákveður félagsgjöld til eins árs í senn. Heimilt er að ákveða sérstakt samningsgjald fyrir félagi með aukaaðild sem samið er fyrir.*

*Þá innheimtir félagið einnig samningagjöld af þeim sem taka laun samkvæmt kjarasamningi félagsins sbr. 2.mgr.7.gr. laga nr. 94/1986 eða 2.mgr.6.gr. laga nr. 55/1980*

*Stjórnin gætir eigna félagsins og ber ábyrgð á vörslu þeirra. Reikningsár er almanaksárið.*

*Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og skulu þeir endurskoða alla sjóði félagsins.*

### **Verður:**

Félagsmenn skulu greiða félagsgjald til félagsins er nemi ákveðnu hlutfalli af föstum launum og innheimtist það mánaðarlega hjá vinnuveitanda.

Aðalfundur ákveður félagsgjöld til eins árs í senn. Heimilt er að ákveða sérstakt samningsgjald fyrir félagi með aukaaðild sem samið er fyrir.

Þá innheimtir félagið einnig samningagjöld af þeim sem taka laun samkvæmt kjarasamningi félagsins sbr. 2.mgr.7.gr. laga nr. 94/1986 eða 2.mgr.6.gr. laga nr. 55/1980

Stjórnin gætir eigna félagsins og ber ábyrgð á vörslu þeirra. Reikningsár er almanaksárið.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og skulu þeir endurskoða alla sjóði félagsins.

Bjóði engir skoðunarmenn sig fram fyrir aðalfund sér stjórn um að skipa þá.

## **3. Tillaga - 8. Gr. Kjaradeilusjóður**

*Félagið starfrækir kjaradeilusjóð. Skal honum kjörin þriggja manna stjórn á aðalfundi og starfar hann skv. reglum er aðalfundur setur. Honum skal markaður tekjustofn sem hlutfall af félagsgjöldum skv. 8.gr. laga þessara.*

### **Verður**

Félagið starfrækir kjaradeilusjóð. Stjórn SBU fer með málefni sjóðsins og starfar hann skv. reglum er aðalfundur setur.

## **4. Tillaga - 10. Gr. Vísindasjóður**

*Félagið starfrækir vísindasjóð skv. kjarasamningi. Skal honum kjörin þriggja manna stjórn á aðalfundi og starfar hann skv. kjarasamningi og þeim reglum er aðalfundur setur. Stjórn SBU fer með málefni sjóðsins.*

### **Verður**

Félagið starfrækir vísindasjóð. Stjórn SBU fer með málefni sjóðsins og starfar hann skv. kjarasamningi og þeim reglum er aðalfundur setur.

## **Skýrsla stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga**

### **Lögð fram á aðalfundi félagsins 7. apríl 2017**

Félagar í SBU voru 272 í byrjun árs 2017.

### **Saga stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga**

Félagið var stofnað 1998 upp úr tveimur eldri félögum, Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga og Bókavarðafélaginu. Það gekk við stofnun inn í BHM, en ekki höfðu allir félagar Bókavarðafélagsins verið þar áður.

### **Stjórn SBU**

Á aðalfundi 2016 voru þær breytingar á stjórn að eitt sæti var laust en aðrir stjórnarmeðlimir áttu ár eftir. Óska Þór Þráinsson bauð sig fram aftur. Stjórn SBU var því þannig skipuð Óskar Guðjónsson, varaformaður, Hallfríður Kristjánsdóttir, meðstjórnandi, Dagnýs S. Jónsdóttir gjaldkeri. Óskar Þór Þráinsson var áfram ritari og Sigrún Guðnadóttir formaður.

### **Stjórnarfundir og rekstur félagsins**

Að jafnaði eru haldnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að júlí undanskildum. Ef upp koma mál milli funda eru þau annað hvort leyst með tölvupóstssamskiptum eða boðun aukafundar.

### **Þjónustuskrifstofan**

Fimm félög standa saman að rekstri þjónustuskrifstofu fyrir félögin. Þau eru, fyrir utan SBU: Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félag ísl. félagsvísindamanna, Fræðagarður og Stéttarfélag lögfræðinga. Fundir eru haldnir einu sinni á mánuði í stjórn þjónustuskrifstofunnar en í henni sitja formenn þeirra félaga sem að rekstrinum standa og skipta þeir með sér að vera formaður, gjaldkeri og ritari þeirra stjórnar í eitt ár í senn. Starfsmenn þjónustuskrifstofunnar voru í lok árs 2016 fimm og eru það:

Andri Valur Ívarsson, lögfræðingur/hagfræðingur  
Anna S. Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi  
Guðrún A. Sigurðardóttir, verkefnastjóri  
Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri  
Hjalti Einarsson, vinnusálfræðingur

### **Formannaráð BHM**

Formannaráð fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda. Því ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum innan BHM ásamt daglegri ákvarðanatöku sem er hlutverk stjórnar. Formannaráð veitir stjórn aðhald og veitir henni umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum.

Í formannaráði eiga sæti formenn allra aðildarfélaganna bandalagsins og stjórn þess. Ef formaður aðildarfélags á sæti í stjórn BHM skipar hlutaðeigandi félag annan mann úr stjórn þess til setu í formannaráði. Forfallist formaður tekur varaformaður hans sæti. Formannaráðið skal funda fjórum sinnum á ári hið minnsta.

### **Kannanir 2016**

Á starfsárinu réðst félagið í samstarfi við Bandalag háskólamanna (BHM) í umfangsmikla könnun á kjörum félagsmanna. Könnun þessi var gerð af rannsóknar- og ráðgjafafyrirtækinu Maskínu í mars. Mikilvægi kjarakönnunar er ótvírætt. Með henni hefur náðst betri yfirsýn yfir kjör félagsmanna sem kemur m.a. að góðum notum þegar mótuð er kröfugerð fyrir kjarasamninga. Í könnuninni var annars vegar spurt um árslaun fyrir árið 2015 og hins vegar um laun í febrúar 2016.

### **Árið 2016**

Á Árinu 2016 var loksins klárað að semja við alla viðsemjendu SBU nema almennamarkaðinn. Fór mikill hluti af tíma stjórnarmanna fyrriparti ársins í að klára samninga við Samband íslenskar sveitarfélaga en hann var undirritaður aðfaranótt 21. mars og gildir út mars 2019.

Talsvert mikill tími fór í fundarsetu vegna breytinga á lífeyriskerfi opinbera starfsmanna. Það hefur verið í gangi vinna í nokkuð mörg ár að samræma lífeyriskerfin þannig að allir búi við sama fyrirkomulagið í lífeyrismálum. Samkomulagið sem BHM ásamt BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ), annars vegar, og fulltrúa ríkisins og sveitarfélaga eiga að:” miða að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður í áföngum til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.“ Í samkomulaginu átti að vera tryggt að virkir sjóðsfélagar héldu sínum réttindum. En til þess að þessar breytingar gætu átt sér stað þurfti að breyta lögum um lífeyrisjóð starfsmanna ríkisins <http://www.althingi.is/altext/146/s/0082.html> en því miður eru löggin ekki í samræmi við það samkomulag sem BHM undirritaði ásamt BSRB og KÍ. Það var ekki tekið tillit til þeirra athugasemda sem BHM sendi inn varðani afgreiðslu laganna.

Tveir úr stjórn SBU (Sigrún Guðnadóttir og Óskar Þór Þráinsson) fóru ásamt stjórnarmönnum úr hinum félögunum 4 sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar og starfsfólki hennar til Brussel og Kaupmannahafnar til að kynna sér samningamódel og starfsemi stéttarfélaga dagana 8. til 13. maí. Dagskráin var þétt skipuð alla dagana en meðal þeirra sem heimsóttir voru í Brussel ILO Office for the European Union and the Benelux countries, EFTA þar sem Jóhanna Jónsdóttir sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum hjá EFTA tók á móti okkur, Eurocadres – Council of European Professional and Managerial Staff - Martin Jefflén og EU - European Commission þar sem við hlustuðum á nokkra fyrirlestra. Í Kaupmannahöfn fórum við meðal annars til systursamtaka SBU, The Danish Union of Librarians – Gitte Holm, framkvæmdastjóri (Chefsekretær), Tine Jørgensen, formaður (president) and Bruno Pedersen sem er í forsvari fyrir

samninganefndinni þeirra (head of negotiations) tóku á móti okkur einnig fórum við í heimsókn til Stéttarfélags lögfræðinga þar Djøf – Hanne Petersen Chief Consultant / Secretariat of the Management einnig hlustuðum við á mjög áhugavert erindi hjá FAOS - Employment Relations Research Centre sem Christian Lyhne Ibsen Assistant Professor flutti. Ýmsar gagnlegar upplýsingar og umræður komu fram í ferðinni sem nýtast í starfi og stefnumótun félagsanna.

Á árinu var einnig lokið við að fara yfir handbók félagsins og uppfæra lög þess.

Á árinu komu upp nokkur mál þar sem félagsmenn leituðu persónulega til stjórnar félagsins, þjónustuskrifstofunnar eða til trúnaðarmanna á vinnustöðum. Unnið var úr þeim málum eftir bestu vitund og getu.

Félagið vinnur fyrir alla félagsmenn sem leita til félagsins leita úrlausnarefni. Félagsmenn verða að leita til stjórnar, trúnaðarmanna eða til þjónustuskrifstofunnar með þau mál sem upp hjá þeim koma.

Vakin er sérstök athygli ykkar á að öll mál sem þið teljið vera erfitt að ræða við náíð samstarfsfólk, næsta yfirmann eða aðra sem þið umgangist daglega í vinnunni, má leysa með aðkomu starfsfólks þjónustuskrifstofunnar. Þetta er þeirra vinna og mál eru yfirleitt meðhöndluð öðruvísi þegar þau koma að, vandinn sem fylgir nándinni er þar með leystur að hluta.

Við vinnum með þau mál félagsmanna sem koma til okkar í samstarfsnefnd sveitarfélaga, þar meðtaldri Reykjavíkurborg, og á svipaðan hátt gagnvart ríkinu. Það krefst þess að félagsmaður snúi sér til okkar með umkvörtunarefni og að við getum unnið úr því á grundvelli gagna sem lögð eru fram. Á vefnum sbu.is er að finna lista yfir trúnaðarmenn SBU.

### **Fréttamiðlun til félagsmanna**

Til að miðla fréttum og upplýsingum til félagsmanna notar félagið tölvupóst, vefsíðu SBU og Facebook. Síðan var opnuð 17.nóvember 2009 og við síðustu talningu 2017, voru 265 einstaklingar tengdir síðunni.

Félagsmenn geta einnig farið inn á vef þjónustuskrifstofunnar, stett.is eða á vef BHM til að nálgast upplýsingar um félagið.

### **Vefurinn**

Vefur félagsins var settur af stað í júní 2013. Hann er unninn í WordPress en hýstur hjá Allra8, sem einnig veitti ráðgjöf og vann í uppsetningu vefsins. Óskar Þór Þráinsson, ritari SBU, hefur séð um að setja inn fréttir á vef félagsins.

Vefnum er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsingaveita um starfsemi félagsins, en einnig tenging milli stjórnar félagsins, þjónustuskrifstofu þess og félagsmanna. Þau viðmið voru notuð við uppsetningu að hann lagaði sig að ólíkum tækjum (responsive design) og að auðvelt væri að setja upp tengingar við félagsmiðla.

Með því að nota WordPress er notað kerfi sem er í stöðugri þróun og opnum aðgangi. Lausnir í kerfinu eru oft ódýrar og stundum ókeypis.

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn frá því 1.apríl 2016 til 1.apríl 2017 3.077 en síðuflettingar 7.754. Að meðaltali voru notendur að skoða 2.52 síður í hverri heimsókn. Heimsóknum á vefinn hefur fækkað um 56% milli ára.

Mest skoðuðu síðurnar eru: Kjarasamningar, Launatöflur og stofnanasamningar. Mest lesna fréttin eru Fréttamolar frá Stjórn SBU nóv 2015.

### **Starfsþróunarsetur háskólamanna**

Ríkið greiðir núna hærra framlag til starfsþróunar, 0,35% af heildarlaunum í Starfsþróunarsetur háskólamanna og 0,22% af heildarlaunum í Starfsmenntasjóð BHM, en áður var greitt af dagvinnulaunum. Í síðustu samningum við Reykjavíkurborg var samþykkt að greiða fyrir starfsmenn borgarinnar í Starfsþróunarsetur en það var ekki fyrr við undirritun samningsins núna 2016 að félagsmenn sem vinna hjá sveitarfélögum geta sótt um styrk til Starfsþróunarseturs háskólamanna. Styrkupp hæðin nemur 370.000 á hverju 2ja ára tímabili.

Starfsþróunarsetur var stofnað í samhengi við ákvæði um námsleyfi í kjarasamningum. Samkvæmt því greiðir vinnuveitandi full laun meðan launþegi er í námsleyfi, og framlag úr Starfsþróunarsetri og Starfsmenntasjóði mætir kostnaði við nám, s.s. námsgjöldum og ferða- og gistikostnaði.

### **Styrkur SBU**

Samþykkt var á seinasta aðalfundi SBU að félagið hafi heimild til að veita styrk til félagsmanna að upphæð 200.000 árlega til eins verkefnis, sem stuðlar að framgangi stéttarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingunni. Sótt var um styrk til útgáfu á ritryndu tímariti í faginu og var sá styrkur samþykktur og voru veittar 100.000 kr. til þess verkefnis.

### **Störf stjórnarmanna**

Formaður SBU:

Sat stjórnarfundum SBU, sat í stjórn þjónustuskrifstofunnar ásamt því að sitja í formannaráði BHM. Sat sem aðalmaður í samninganefnd BHM við samband íslenskra sveitarfélaga. Tók þátt í undirbúningi vegna lausra samninga við samband íslenskra sveitarfélaga. Tók þátt í fundum er við komu breytingum á lífeyrissjóðskerfi opinberra starfsmanna. Sat aðalfund BH, situr í stjórn Styrktarsjóðs BHM. Mætti á kynningarfundum vegna kjarasamninga. Sat fundum í fundarröð þjónustuskrifstofunnar varðandi undirbúning á nýju vinnumarkaðsmódeli. Fór fyrir hönd SBU út til Brussel og Kaupmannahafnar til að kynna sér þau samningmódel sem þar eru notuð. Sat upplýsingafund með trúnaðarmönnum SBU ásamt stjórn SBU og starfsmönnum þjónustuskrifstofunnar. Setti inn efni á fb-síðu félagsins. Tekur þátt í úrtaksfundum fyrir viðtöl vegna starfsmatsins hjá starfsmönnum sveitarfélaga ásamt Starfsmatsnefnd og varaformanni SBU. Sat aðalfund BHM.

Varaformaður SBU:

Varaformaður sat aðalfund BHM 2016. Auk setu á stjórnarfundum SBU sótti hann einnig nokkra formannaráðs- og hússtjórnarfundum í forföllum formanns og sinnti ritarastörfum á stjórnarfundum í 2 eða 3 skipti. Sótti málþing BH “Lykill eða lás” þann 11. nóv. sl. um möguleika háskólafólks í nýju samningslíkani á íslenskum vinnumarkaði. Sótti einnig kynningarfund um starfsmat sveitarfélaga sem og ásamt formanni úrtaksfund vegna starfsmats samtala með Starfsmatsnefnd. Sat upplýsingafund með trúnaðarmönnum SBU ásamt öðrum úr stjórn og starfsmönnum þjónustuskrifstofunnar.

Gjaldkeri SBU:

Störf gjaldkera SBU fyrir árið 2016. Sat stjórnarfundum SBU, sameiginlega fund stjórna þjónustuskrifstofu, sat aðalfundi BHM. Var fyrir hönd SBU á málþing um stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Sótti hugarflugsfund FFSS og tók þátt í hugarflugsfundum sem þjónustuskrifstofan stóð fyrir um framtíðarsýn og hlutverk stéttarfélaganna. Vann við endurskoðun á handbók SBU.

Meðstjórnandi SBU:

Sat stjórnarfundum SBU, sameiginlega fundum stjórna þjónustuskrifstofunnar fund með trúnaðarmönnum, fulltrúaráðsfund Sjúkrasjóðs BHM og nokkra upplýsinga- og kynningarfundum á vegum BHM vegna gerðardóms og komandi miðlægra kjarasamninga við ríkið. Sótti málþing um stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði, tók þátt í vinnu FFSS um framtíðarsýn og hlutverk stéttarfélaganna og vann grein um SBU fyrir tímaritið Bókasafnið. Tók þátt í vinnu við handbók SBU og breytingar á lögum félagsins.

Ritari SBU:

Sat stjórnarfundum SBU, aðalfundum SBU, hélt utan um vefmál með fréttaskrifum, uppfærslum og viðhaldi við vef félagsins sbu.is sem og samfélagsmiðla. Fór fyrir hönd SBU út til Brussel og Kaupmannahafnar til að kynna sér þau samningmódel sem þar eru notuð. Sat aðalfundi BHM, tók þátt í stefnumótunarþingi BHM, sótti samráðsfundi þjónustuskrifstofu FFSS, tók þátt í ráðstefnu um vinnumarkaðsmódel og stefnumótunarfundum BHM. Fundaði vegna starfsmatsins hjá starfsmönnum sveitarfélaganna.

*Fyrir hönd stjórnar SBU  
Sigrún Guðnadóttir,  
formaður*



## Lög Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Union of Library- and Information Scientists

### 1.gr. Nafn

Félagið heitir Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði tekur til alls landsins.

### 2.gr. Hlutverk

Hlutverk félagsins er:

1. að standa vörð um kjaraleg réttindi félagsmanna
2. að semja um kaup og kjör félagsmanna
3. að stuðla að samstarfi við innlend og erlend stéttarfélög
4. að fræða félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur

### 3.gr. Aðild

Félagar geta orðið:

Allir launþegar sem lokið hafa 180 eininga (ECTS) háskólaprófi, með a.m.k. 120 einingum í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegu prófi.

Þeir sem hafa meistaraáráðu í bókasafns- og upplýsingafræði ofan á aðra háskólagráðu.

Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði, sem lokið hafa a.m.k. 60 einingum (ECTS) í bókasafns- og upplýsingafræðum, geta sótt um nemaaðild. Nemaaðild veitir heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt, en ekki önnur réttindi. Nemar greiða ekki gjöld til félagsins meðan þeir eru í námi nema þeir þiggi laun á tímabilinu. Nemaaðild getur aldrei varað lengur en í samtals fjögur ár.

### 4.gr. Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins. Hann skal halda í mars eða apríl ár hvert. Aðalfundur skal boða öllum félagsmönnum með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. skýrsla stjórnar
2. reikningar félagsins
3. lagabreytingar
4. fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld
5. kosning stjórnar sbr. 5.gr.
6. kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins
8. önnur mál

### 5.gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann. Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann.

### 6.gr. Störf stjórnar

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fundi skal halda eins oft og þörf krefur. Einnig skal boða til fundar ef a.m.k. einn stjórnarmaður æskir þess og skal hann haldinn innan viku. Stjórnin fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og er málsvari þess útávið. Félagið styrkir verkefni sem stuðla að framgangi

stéttarinnar, eitt verkefni á ári, allt að 200.000 krónum. Stjórn auglýsir eftir styrkbeiðnum og úthlutar styrk. Stjórnin gætir þess að lögum og samþykktum félagsins sé framfylgt og að kjarasamningar þess séu haldnir.

### **7.gr. Samninganefndir**

Stjórn félagsins er jafnframt aðalsamninganefnd þess og er formaður jafnframt formaður hennar nema stjórnin ákveði annað. Heimilt er að kveða aðra félagsmenn til setu í samninganefnd ef þurfa þykir.

Aðalsamninganefndin skipar sérstakar samninganefndir gagnvart einstökum vinnuveitendum, ef starfsmenn þess vinnuveitenda kjósa svo. Hlutverk samninganefnda er að annast samningsgerð fyrir viðkomandi hópa félagsmanna gagnvart vinnuveitendum. Samninganefnd skal bera nýjan kjarasamning undir atkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna til samþykktar eða synjunar.

Stjórn skipar samstarfsnefndir við opinbera vinnuveitendur samkvæmt 11.kafli kjarasamnings félagsins.

### **8.gr. Fjármál**

Félagsmenn skulu greiða félagsgjald til félagsins er nemi ákveðnu hlutfalli af föstum launum og innheimtist það mánaðarlega hjá vinnuveitanda.

Aðalfundur ákveður félagsgjöld til eins árs í senn. Heimilt er að ákveða sérstakt samningsgjald fyrir félaga með aukaaðild sem samið er fyrir.

Þá innheimtir félagið einnig samningagjöld af þeim sem taka laun samkvæmt kjarasamningi félagsins sbr. 2.mgr.7.gr. laga nr. 94/1986 eða 2.mgr.6.gr. laga nr. 55/1980

Stjórnin gætir eigna félagsins og ber ábyrgð á vörslu þeirra. Reikningsár er almanaksárið.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og skulu þeir endurskoða alla sjóði félagsins.

### **9.gr. Kjaradeilusjóður**

Félagið starfrækir kjaradeilusjóð. Skal honum kjörin þriggja manna stjórn á aðalfundi og starfar hann skv. reglum er aðalfundur setur. Honum skal markaður tekjustofn sem hlutfall af félagsgjöldum skv. 8.gr. laga þessara.

### **10.gr. Vísindasjóður**

Félagið starfrækir vísindasjóð skv. kjarasamningi. Skal honum kjörin þriggja manna stjórn á aðalfundi og starfar hann skv. kjarasamningi og þeim reglum er aðalfundur setur.

### **11.gr. Trúnaðarmenn**

Stjórnin skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. 5. kafli laga nr. 94/1986 og 9.-12.gr. laga nr. 80/1938 og boða þá á fund a.m.k. einu sinni á ári.

### **12.gr. Trúnaðarmannaráð**

Stjórn og trúnaðarmenn félagsins mynda trúnaðarmannaráð Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga. Hlutverk þess er að vera samninganefnd félagsins til aðstoðar við undirbúning kröfugerðar og vera ráðgefandi í kjaraviðræðum félagsins. Auk þess skal trúnaðarmannaráð fjalla um önnur kjaramál, sem vísað er til umsagnar þess.

Stjórn félagsins boðar til trúnaðarmannaráðsfundar. Skytt er að boða til fundar ef a.m.k. þrjú trúnaðarmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni.

### **13.gr. Almennir félagsfundir**

Almenna félagsfundir skal halda að frumkvæði stjórnarinnar. Skytt er að boða til almenns félagsfundar ef 10 félagsmenn eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Almenna félagsfundir skal auglýsa rækilega á viðeigandi vettvangi eða boða í gegnum trúnaðarmannakerfi.

### **14.gr. Boðun verkfalla og samþykkt kjarasamninga**

Stjórn félagsins ákveður hvenær leitað skuli eftir samþykki félagsmanna til verkfallsboðunar. Um framkvæmdina að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum 3.kafli laga nr. 94/1986 eða laga nr. 80/1938 eftir því sem við á. Samninganefnd félagsins undirritar kjarasamning með fyrirvara um samþykki þeirra félagsmanna sem í hlut eiga. Samninganefnd skal kynna félagsmönnum kjarasamning og bera hann undir skriflega atkvæðagreiðslu þeirra sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem samningurinn tekur til.

#### **15.gr. Úrsögn**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og telst hlutaðeigandi genginn úr félaginu þrem mánuðum eftir að úrsögn hefur borist stjórninni. Úrsögn hefur þó ekki áhrif á greiðsluskyldu skv. 3.mgr. 8 gr. laga þessara.

Félagsaðild lýkur einnig þegar einstaklingur hættir að taka kjör sín samkvæmt samningi félagsins.

Stjórn félagsins getur vikið félaga úr félaginu ef hann hefur misnotað nafn þess og unnið gegn hagsmunum þess. Viðkomandi getur skotið málinu til félagsfundar og skal félagsfundur úrskurða í málinu innan fjögurra vikna frá brottvikningu.

#### **16.gr. Lagabreytingar**

Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að breytingar öðlist gildi.

Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 15.febrúar ár hvert.

Lög þessi voru samþykkt á framhaldsaðalfundi fyrir árið 1998 sem haldinn var 8.apríl 1999 og öðlast þau þegar gildi. Félagið tekur strax til starfa samkvæmt nýjum lögum og nýju heiti á aðalfundi sem haldinn er 8.apríl 1999.

#### **Bráðabirgðaákvæði:**

Á fyrsta aðalfundi 1999 skal kjósa 5 manna stjórn, formann sérstaklega til eins árs og tvo stjórnarmenn til eins árs og tvo til tveggja ára og einn varamann til tveggja ára.

(Samþykkt á aðalfundi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga 8.apríl 2002)

(breytingar á 3. grein og 5. grein samþykktar á aðalfundi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga 19. mars 2009)

(breytingar á 4. gr. samþykktar á aðalfundi 2. mars 2012)

(breytingar á 6.gr.samþykktar á aðalfundi 1.mars 2013)



